

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún
nr. 213, 19. desember 1960.

1. gr.

1. málsgrein 2. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu. Hafnarnefnd Reyðarfjarðar skipa þrír menn, kosnir af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn og skal einn þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni. Nefndin kýs formann og reikningshaldara úr sínum hópi. Kosning í hafnarnefnd skal jafnan fylgja hreppsnefndarkosningum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. apríl 1962.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

4. apríl.

Nr. 30.

REGLUGERÐ

fyrir Landsbanka Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

Hlutverk bankans er að reka hvers konar bankaviðskipti, og stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

II. KAFLI

Um starfsemi bankans.

3. gr.

Hlutverk sitt leysir Landsbanki Íslands af hendi með því:

- a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum,